

Nr. 150 / 10 Börkur NK 122***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1293
Smíðaður: Noregi 1968, stál
Stærð: 949 brl. 1467,6 bt.
Mesta lengd: 67,47 m Skráð lengd: 61,17m
Breidd: 10,9 m Dýpt: 8,05 m
Vél: Caterpillar 5420 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 12



Börkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS
Slyaskýrsla frá skipi

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. nóvember 2010 var Börkur NK 122 að síldveiðum með nót á Kiðeyjarsundi (Helgafellssveit) á Breiðafirði. Veður: Logn

Verið var að draga inn nótapokann að loknu kasti en þegar skottið kom inn úr milliblökkinni féll það niður og lenti blýteinn á hendi eins skipverjans sem hélt sér í handrið nótakassans. Netið lenti síðan á baki skipverjans svo hann steyptist ofan í nótakassann.

Hringurinn marði í sundur u.þ.b. helming af fremstu kjúku vísifingurs vinstri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að ástæða þess að pokinn slóst til var að pokabandið var laust en það hafði fallið í sjóinn skömmu áður;
- að slasaði hafði þann starfa í nótadrættinum að taka á móti hanafótum og koma snurpuhringjum upp á byssuna eftir að þeir koma niður úr milliblökkinni. Hann stóð því að mestu undir blökkinni sem er nær fimm metrum fyrir ofan hann. Þegar pokinn kom aftur var hlutverki hans lokið og venjulega vék hann þá undan blökkinni;
- að hann sagðist hafa stigið til hliðar eins og venjulega en pokinn hafi fallið strax og hann kom inn úr milliblökkinni;
- að ávallt var haldið við með pokabandinu með því að bregða því um nál (polla) og slaka því af nálinni undir átaki svo skottið falli því ekki niður úr milliblökkinni. Í þetta skipti hafði pokabandið fallið í sjóinn áður en því

varð brugðið um nálina. Pokinn var því dreginn hratt inn til að forða því að bandið færi aftur með og í skrúfunu. Þetta varð til þess að ekki var haldið við pokann svo skottið féll strax eftir að það kom inn úr milliblökkinni;

- að skipstjóri sagði að slysið mætti frekar rekja til þess að pokabandið hélt ekki við pokann og að hann var dreginn hraðar inn en venja var til og því voru menn seinni að koma sér frá en ella;
- að skipstjóri sagði að eftir slysið hafi verklagi verið breytt þannig að eftirleiðis verður pokabandið ekki dregið niður af vindunni og lásað úr heldur verður pokabandinu slakað eftir þörfum þar til skottið er komið aftur í nótakassa.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að pokabandið fór í sjóinn sem leiddi til þess að vinnubrögð við töku veiðarfæris voru ekki í samræmi við hefðbundið vinnulag. Því hafi slyshætta aukist án þess að skipverjar hafi verið varaðir við.

Mikilvægt er að þegar hefðbundið vinnulag riðlast vegna ófyrirséðra atvika að ýrtru varkárni sé gætt af öllum um borð.

Sjá hliðstætt mál 036/06